



Leiðbeiningar um viðbrögð í neyðartilvikum

10 Geislavá- atvik

Varla er hugsanlegt að atvik sem veldur geislavá gagnvart almenningi verði hér á landi. Kjarnorkuver eru öll víðs fjarri en á nokkrum stöðum hérlandis eru í notkun geislalindir (geislavirk efni). Nokkrar þeirra eru það öflugar að almenningi gæti stafað af þeim ógn væri þeim beitt í glæpsamlegum tilgangi. Hugsanlegt væri að dreifa geislavirkum efnum til að valda ótta og jafnvel hættu. Þá er ekki hægt að útiloka með öllu að mökkur af geislavirkum efnum gæti borist frá fjarlægum slysstað. Í slíkum tilvikum bæri að leita skjóls innandyrna, halda sig þar, fylgjast með og fylgja leiðbeiningum frá til þess bærum stjórnvöldum.

10.1 Almennar leiðbeiningar

- Rýmið hættusvæðið og hringið í 112
- Látið aldrei tilvist geislavirkra efna eða grun þar um tefja fyrir lífbjörgun eða aðstoð við slasaða
- Lífbjörgun ef hægt er (fólk sem grunur leikur á að sé mengað af geislavirku efni verður að vera hreinsa (þrif) eins fljótt og mögulegt er)
- Lokið svæðinu
- Varið fólk í nágrenninu við
- Eyðið eins litlum tíma á mengaða svæðinu eins og hægt er (láttu viðbragðsaðila skiptast á) (konur á barneignaraldri eiga ekki að vera á hættusvæðinu)
- Snertið ekki við hlutum á hættusvæðinu
- Látið vita að ekki má borða, drekka eða reykja án þess að þvo sér vandlega um hendur og andlit
- Ef atvikið gerist innandyrna:
 - Lokið byggingunni
 - Lokið dyrum og gluggum
 - Slökkvið á loftræstikerfi / loftræstingu

Lífsbjargandi aðstoð:

- Fjarlægið sjúklinginn frá geislalindinni eða lindina frá sjúklingnum ef hægt er. E.t.v. er mögulegt að koma upp skýli umhverfis lindina
- Fjarlægið fatnað + skó án þess að draga yfir höfuðið. Klippið föt
- Skolið líkamann með vatni (ef mögulegt er). Hitað vatn ef mögulegt
- Þvoið eða skolaðu andlit og hendur til draga úr hættu á innöndun eða inntöku efnanna
- Vefjið sjúklinginn í teppi til að forðast kælingu

10.2 Leiðbeiningar fyrir kennara og starfsfólk

- Reyna að koma nemendum burt frá hættunni
- Hafa samband við Neyðarlínu í síma 112 eða lögreglu
- Hafa strax samband við stjórnendur skólastofnunar
- Meta hvort einhver er alvarlega slasaður og veita almenna skyndihjálp
- Aðstoða lögreglu og aðra viðbragðsaðila á vettvangi
- Reyna skal eftir föngum að halda nemendum frá ljótum aðstæðum og viðkvæmum vettvangi
- Starfsfólk skal sinna öðrum verkefnum og hlutverkum samkvæmt viðbragðsáætlun skólans þar til lögregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á vettvang
- Láta yfirvöld vita ef þú telur að einhver mengun sitji eftir þegar aðgerðum er lokið
- Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á internetinu

10.3 Leiðbeiningar fyrir neyðarstjórn skólastofnunar

- Hringja í 112
- Virkja neyðarstjórn viðkomandi skólastofnunar
- Samskipti við foreldra og aðstandendur eru í höndum neyðarstjórnar og þeirra sem hún tilnefnir til þess verkefnis eins og þurfa þykir
- Hafa samráð við lögreglu vegna samskipta við aðstandendur
- Samskipti við lögreglu eru í höndum neyðarstjórnar og skólameistara
- Starfsmenn neyðarstjórnar fá upplýsingar og sjá um að halda boðleiðum opnum
- Senda viðeigandi tilkynningar til nemenda og starfsfólks í samráði við lögreglu
- Vera viðbúin því að vera í samskiptum við fjölmiðla, hafa samráð við lögreglu varðandi upplýsingagjöf til fjölmiðla
- Upplýsa aðstandendur
- Hafa aðstandendalista tiltækan svo hægt sé með skjótum hætti að senda skilaboð eða veita lögreglu upplýsingar
- Fá aðstoð við að hreinsa mengað svæði